

Úrgangur frá verkstöðum PG Verks 2025, janúar – apríl.

Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs það sem af er árs 2025 og samanburður við fyrri ár.

1. Úrgangur frá verkstöðum: Magn og endurheimtuhlutfall (endurnýtingarhlutfall).

Undanfarin misseri hefur það verið stefna hér að landi að minnka sem mest úrgang sem fer í landfyllingu, þ.e. er ekki endurheimtur með endurnýtingu eða á annan viðukenndan hátt.

Því er nú lögð áhersla á að skoða endurheimtuhlutfall úrgangs frekar en flokkunarhlutfall.

Sjá hér að neðan upplýsingar um endurheimtuhlutfall PG Verks raðað eftir endurheimtuhlutfalli verkstaða jan-apr 2025 samanborðið við árin 2024 og 2023.

Ástæður lágs endurheimtuhlutfall í Tónahvarfi og Urðarhvarfi er að þar er í innanhúsfrágangi unnið með gífsplötur sem fara ekki í endurheimt. Í Hjúkrunarheimili í RNB eru fá tonn sem er upphreinsun við lok verks.

	2023		2024		2025 jan-apr	
Verkstaður	Tonn	Endurn.	Tonn	Endurh.	Tonn	Endurh.
Baughamar			26	84%	32	89%
Þorraholt/Hekla			27	80%	49	82%
Skútahraun (Lager)	45	61%	110	88%	21	82%
Urriðaholtsstræti	15	88%	183	80%	116	80%
NLSH Bílaskj /HVS	8	96%	103	81%	37	74%
Hjúkrunarheimili RNB			74	84%	6	55%
Tónahvarf	35	80%	12	0%	17	32%
Urðarhvarf	28	12%	82	14%	15	11%
Samt. og vegin hlutföll	1298	58%	1020	66%	294	74%

2. Breytingar á milli ára, magns og endurheimtarhlutfall hækkar.

Magn úrgangsg er heldur minna en 2024 sé það reiknað niður á mánuði. Endurheimtarhlutfallið fer áfram hækkandi og er 74% þessa fyrstu 4 mánuði ársins, 74%. M.v. 66% árið 2024 og 58% árið 2023.

Sambætt áhrif þessa er að kolefnislosun úrgangs er 36 tonn CO₂ ígilda fyrstu 4 mánuði ársins en var 127 tonn CO₂ ígildi árið 2024. Það er að jafnaði 9 tonn á mánuði en var að jafnaði 10,5 tonn 2024 og er því á mánaðagrundvelli um 15% lækkun að ræða.

Eins og áður eru flokkar sem fara í endurheimt fyrirferðarmestir í uppsteypufasa verka en á seinni stigum verka hækkar hjá okkur það hlutfall úrgangs sem fer í landfyllingu og þar eru mestu tækifærin á að bæta flokkun og koma stærra hlutfalli í endurheimtarflokka.

Það er þó mjög jákvætt að tölurnar sýnan að við erum að ná að halda uppi endurheimtuhlutfalli í Urriðaholtsstræti sem er það íbúðarverkefni sem komið er í lokafrágang að hluta.


Á næstu síðum má sjá yfirlit yfir hlutfall úrgangsflokka fyrir PG Verk í heild og meðhöndlun úrgangs.



Bergur Helgason gæða- og öryggisstjóri.

PG Verk, allir verkstaðir 2025, jan-apr.

Úrgangsmýndun eftir úrgangsflokkum. Raðað eftir magni.



Meðhöndlun úrgangs eftir úrgangsflokkum

